

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 15. desember 2014.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (sýnishorn verslunarvara), 251. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Frumvarpinu er ætlað að einfalda stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja með því að afnema tolla af sendingum sem innihalda frumgerð (e. prototype) eða sýnishorn verslunarvara enda hafi hún ekkert viðskiptalegt gildi.

Með sýnishorni er átt við hönnunarvöru á lokastigum vöruþróunar. Sýnishorn eru eingöngu notuð til prófunar, sölukynningar og markaðssetningar. Oft eru þöntuð fleiri en eitt eintak af sýnishorni vöru og send mismunandi söluaðilum í þeim tilgangi að þeir eða smásöluaðilar geti skoðað þau.

Samtökin mæla með samþykkt frumvarpsins þar sem það myndi auðvelda hönnuðum lífið, bæta umhverfi nýsköpunar og auka verðmætasköpun.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason